

**20. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 31. mars. 2011 kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.**

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Indriði Þóroddsson, Reimar Sigurjónsson, Ævar Rafn Marinósson, Sigurður R. Kristinsson, Jóhanna Helgadóttir og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð á tölvu. Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Sigurður gerði athugasemd að hann hafi sent tölvupóst á þriðjudagsmorgun kl. 9:00 til sveitarstjóra og óskaði eftir að fá að setja lið á dagskrá og lýsir hann óánægju sinni að erindinu skuli ekki vera svarað, bent var á að gögn skulu berast 3 sólarhringum fyrir fundi.

**DAGSKRÁ:**

**1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 17.03.2011**

*Lögð fram til kynningar.*

**2. Fundargerð USB dags. 29.03.2011**

*Fundargerðin samþykkt.*

**3. Fundargerð fræðslunefndar dags. 22.03.2011**

*Fundargerðin samþykkt.*

**4. Fundargerð heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra ásamt ársreikningi 2010 dags. 09.03.2011**

*Lögð fram til kynningar.*

**5. Fundargerð Veiðifélagsins Hafralónsá dags. 20.03.2011**

Í lið 5 er óskað eftir því að sveitarstjóri ath. hvort að öll leyfi séu til staðar og kostnaðaráætlun vegna vinnu við landrof. Samþykkt samhljóða.

*Lögð fram til kynningar.*

**6. Skýrsla sveitarstjóra.**

- Sveitarstjóri lagði fram bréf þar sem forstöðumaður íþróttarmiðstöðvarinnar þakkar RKÍ fyrir höfðingjalega gjöf sem er hjartastuðtæki að upphæð 280.000 og tekur sveitarstjórn Langanesbyggðar undir þau orð og þakkar kærlega fyrir þessa höfðinglegu gjöf. *Samþykkt samhljóða.*
- Sveitarstjóri lagði fram tillögu sveitarstjóra og KPMG um breytingu á viðskiptastöðu á milli A og B hluta í ársreikningi en tillagan gengur út á það að að nýta sér heimild í handbók um reikningsskil sveitarfélaga þar sem segir að heimilt sé að færa uppsafnaðan halla B hluta fyrirtækis eða stofnunar við aðalsjóð frá fyrri árum, sem ekki hefur verið mætt með framlögum, út í gegnum eigið fé og mæta halla yfirstandandi árs með rekstrarframlagi aðalsjóðs til viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar. En með þessu verða skýrari skil á milli A og B sjóðs. *Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að afgreiða þetta í samvinnu með KPMG.*
- Sveitarstjóri lagði fram undirskriftalista sem hann fékk rétt fyrir fund en á listanum sem eru ca. 150 undirskriftir og óska undirritaðir að haldinn verði borgarafundur samkvæmt 2 mgr. 104 gr. sveitarstjórnalaga vegna leiguíbúðabyggingar og óskað er

að fundurinn verði haldinn innan 10 daga. Sveitarstjórn þakkar fyrir listann og mun taka þetta til skoðunar. Samþykkt samhljóða.

- Vegna umræðu um nýbyggingar.

**1. Á fundi sveitarstjórnar sem haldin var 14. janúar 2009 var eftirfarandi fært til bókunar.**

Sveitarstjórn samþykkir hér með að beita fyrir sér heimild 6. gr. nr. 153. 2006 í gatnagerðalögum þar sem kveðið er sérstaklega á því að “sveitarstjórn er heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum í sveitarfélaginu við sérstakar aðstæður, svo sem vegna þéttingar byggðar, atvinnuuppbyggingar, lítillar ásóknar í viðkomandi lóð eða eftirspurnar eftir leiguhúsnæði. Samkvæmt ofangreindu mun Langanesbyggð aðstoða einstaklinga eða fyrirtæki til nýbygginga íbúðarhúsa með niðurfellingu gatnagerðargjalds af lóðum við tilbúna götur.

2. Í framhaldi af þessari ákvörðun kom þetta fram í fjölmiðlum og komu nokkrar fyrirspurnir og menn komu og skoðuðu lóðir og annað sem ekkert varð úr menn mátu það að það væri of dýrt að byggja hér og engin meiri umræða kom fram.
3. Það var svo í byrjun júlí 2010 sem V Laugavegur sýndi verkinu áhuga og kom þá fyrst til tals að sveitarfélagið yrði að koma meira að þessu en bara að gefa gatnagerðagjöldin eftir þar sem íbúðalánasjóður þurfti einhverja tryggingu á því að það væri þörf fyrir nýbyggingar í Langanesbyggð. Sveitarstjórn ræddi um það hversu margar íbúðir þurfti að byggja til greina kom að byggja 3 eða 6 íbúðir og var samdóma álit sveitarstjórnar að þörfin væru 6 íbúðir.
4. Á fundi USB þann 28. júlí 2010 var kynnt tillaga af deiliskipulagi við Miðholtið og hún samþykkt og síðan staðfest í sveitarstjórn sem síðan var auglýst í framhaldi af því.
5. Á fundi sveitarstjórnar sem haldinn var 23. ágúst 2010 varð sveitarfélagið að gera eftirfarandi yfirlýsingu til að V Laugavegur hefði eitthvað í höndunum til að sýna íbúðalánasjóði þannig að gerður var 10 ára samningur um að Langanesbyggð leigði af V Laugavegi allar íbúðirnar á kr. 1.500 m<sup>2</sup> og leiguverð breytast miðað við vísitölu neysluverðs og var það samþykkt samhljóða.

Og þar sem sveitarstjórn hefur mikla trú á að hér eigi eftir að fjölga fólki og miðað við þær fyrirspurnir um leiguíbúðir ákvað sveitarstjórn að ganga til samninga við V Laugaveg.

Reikningsdæmið:

Leigutekjur til V Laugavegs er á ári	kr. 10.044.000
Sveitarfélagið gerir ráð fyrir leigutekjum á ári	kr. 7.030.800 sem er 70% leiga
Mismunur sem fellur á sveitarfélagið eru	kr -3.013.200
Tekjur LNB af fasteignagjöldum á ári	kr. 480.000
Raunreiðsla sveitarfélagsins gangi þetta eftir	<b>kr.- 2.533.200</b>
En í þriggja ára áætlun gerðum við ráð fyrir	kr.- 4.000.000

Kostir þessa verkefnis er sú að áhættan liggur hjá leigufélaginu og sparisjóðunum því sveitarfélagið leggur ekki krónu í verkefnið fyrr en íbúðarlánasjóður hefur tekið húsnæðið út og þá eru lóðir og allur frágangur klár.

Ávinningurinn verður sterkara samfélag, breiðari tekjustofn, sveitarfélagið fær 6 nýjar íbúðir í samfélagið, enginn annar kostnaður fellur á sveitarfélagið jafnframt því að áhætta sveitarfélagsins er horfin að 10 árum liðnum og kominn tekjustofn.

Sveitarfélagið tekur minnstu áhættuna í þessu verkefni og á tíma hékk það á bláþræði að af verkinu yrði þar sem engin bankastofnun á Reykjavíkursvæðinu vildi fjármagna í þetta verkefni það var ekki fyrir en sparisjóður Þórshafnar og sparisjóður Norðfjarðar ákváðu að koma í verkið með V Laugavegi að því tilskildu að hlutafé þeirra í þetta verkefni yrði kr. 25.135.143 sem segir okkur það ef leigufélög sem ætla að byggja úti á landi þurfa að skaffa eigið fé að lámarki kr. 44.803 pr. m<sup>2</sup>. V Laugavegur fékk fyrirtæki úr Reykjavík, Akureyri, Þórshöfn, Húsavík, Akranesi ofl. til að gera tilboð jafnframt því að gerð voru tilboð í einstaka verkliði sem og í heildarverkið. Á endanum reyndist BM Vallá vera með besta tilboðið, bæði hvað varðar verð og gæði, þeir munu ráða undirverktaka á Þórshöfn í þau verk eins og kostur er enda var það skýr krafa frá Langanesbyggð að heimamenn ættu að komast í þau verk sem hægt væri að gera hér svo lengi sem þeir væru samkeppnishæfir með verð og gæði.

Hafi sveitarfélagið ætlað að gera þetta sjálft þá eru bestu kjörin hjá íbúðarlánasjóði 90 % lán með 3,5% vexti í 50 ár og ekki reiknað með neinum verðbótum (verðbólga) þá væri heildar skuldbinding Langanesbyggðar 254.610.138 kr. Og tækjum við sama lán hjá íbúðarlánasjóði og reiknuðum inn 3% verðætur (verðbólga) væri heildar skuldbinding 795.116.633 til 50 ára.

Og til að enda þetta þá harma ég þennan fréttáflutning sem átti sér stað í DV sem hefur valdið miklum misskilningi hjá fólki og hverjum heilvita manni ætti að vera það ljóst að sveitarfélagið réttir ekki einhverjum aðilum 100 milljónir eins og ekkert sé. Sveitarstjórn var aldrei gefið færi á því að útskýra þetta mál með rökum útaf hverju var ráðist í þetta verkefni og jafnframt gleymist í svona æsifréttarmensku að taka tillit til að það kostar pening að byggja og það kostar pening að reka húsin eftir að þau eru byggð til að mynda afborganir af lánum + fastur kostnaður og afskriftir sem er 2-3% á ári. Einnig er ekki tekið tillit til áhættu félagsins að samningstíma loknum, þ.e. að íbúðirnar seljist ekki eða að leigutekjur dugi ekki gagnvart kostnaði.

Sveitarstóri Langanesbyggðar.

#### **7. Umsókn um nýtt rekstrarleyfi dags. 25.03.2011**

Sóley Indriðadóttir sækir hér með um nýtt rekstrarleyfi fyrir hönd Sólco ehf. sótt er um flokk II veitingarstaður og greiðasala sem mun vera rekið í Grillskálanum (N1).

Samþykkt samhljóða að veita leyfið.

#### **8. Bréf frá Dawid Potrykus dags. 17.03.2011**

Svar vegna bréfs Dawid .

Vísað er til bréfs þíns dags. 17. mars sl. sem og svars undirritaðs við fyrirspurn þinni frá 28. febrúar sl. Vegna þessa skal tekið fram að um var að ræða svar undirritaðs við fyrirspurn þinni en ekki stjórnsluákvörðun í skilningi stjórnslulaga. Það skal hins vegar ítrekað að Langanesbyggð hefur ekki uppi áform um að koma að frekari uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu a.m.k. ekki að svo stöddu. Enda hlýtur öllum að vera ljóst að markaður fyrir íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu er ekki ótakmarkaður .

Samþykkt með fjórum og þrír sita hjá.

#### **9. Erindi frá skátafélaginu dags. 29.03.2011**

Erindið er fyrir hönd Bandalags íslenskra skáta og Skátafélagsins á Þórshöfn en óskað er eftir viðræðum við sveitarfélagið um gerð þjónustusamnings. Óskað er eftir þjónustusamningi að upphæð kr. 500.000.- til að standa straum af helstu skyldunámskeiðum (leiðbeinendum) jafnframt er óskað eftir viðræðum um húsnæði.

Sveitarstjórn fagnar því að það eigi að endurvekja skátahreyfingu hér á svæðinu. Samþykkt að vísa erindinu til íþróttá- og tómstundarnefndar til umsagnar og afstaða tekin til styrkbeiðninnar af því loknu..

#### **10. Kjörskrá Langesbyggðar vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 9. apríl 2011**

Fundarmenn lásu yfir kjörskrána engar athugasemdir voru gerðar, sveitarstjóra falið að undirrita kjörskrána.

Samþykkt samhljóða.

Fundagerðin upplesin og samþykkt

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:35